


Staðahverfi - Korpúlfsstaðavöllur

Deiliskipulagsbreyting: reitur b

Fornleifaskráning

Anna Lía Guðmundsdóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir



Reykjavík 2026

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 241






Staðahverfi - Korpúlfsstaðavöllur

Deiliskipulagsbreyting: reitur b

Fornleifaskráning

Anna Lís Guðmundsdóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir



Reykjavík 2026

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 241



Unnið að beiðni Golfklúbbs Reykjavíkur

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna,
Borgarsögusafni Reykjavíkur.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur

Anna Líska Guðmundsdóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir

Mynd á forsíðu: Samsett kort. Grunnur úr Borgarvefsjá. Yfir er strekktur hluti úr korti
Herforingjaráðs. Generalstabens topografiske Afdeling. Köbenhavn 1909. 1:5000: Reykjavík. 27
Reykjavík N.A, undir er skipulag úr Borgarvefsjá.

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Skýrsla nr. 241

Reykjavík 2026

Öll réttindi áskilin.



Efnisyfirlit

Formáli	2
1. Inngangur	3
2. Almenn um verndun menningarminja.....	4
3. Tilgangur og aðferðafræði við skráningu fornleifa, mannvirkja og yngri minja	5
4. Í landi Korpúlfsstaða	7
4.1 Fornleifar á deiliskipulagssvæðinu	11
Korpúlfsstaðir 268-8 Túngarður	12
Korpúlfsstaðir 268-31 Rafstöðvarhús	12
Korpúlfsstaðir 268-129 Skúrbygging	13
5. Varðveislumat fornleifa.....	13
6. Heimildaskrá	15
Fylgiskjal 1. Minjatafla og minjakort.....	17

Formáli

Hér á eftir fer skráning fornleifa og yngri minja vegna deiliskipulagsbreytingar á byggingarreit b vestan við Korpúlfsstaði í Reykjavík, deiliskipulagið er nefnt: *Staðahverfi Korpúlfsstaðavöllur: Deiliskipulagsbreyting*. Landsvæðið sem deiliskipulagssvæðið næ yfir tilheyrði áður jörðinni Korpúlfsstöðum og eru minjar skráðar undir hana. Skráningin er unnin fyrir Golfklúbb Reykjavíkur. En skipulagið er unnið af Teiknistofunni Storð.¹

Borgarsögusafn Reykjavíkur, áður Minjasafn Reykjavíkur, hefur um árábil gert fornleifaskráningar² og fylgja þær ákvæðum um skráningu menningarminja sem er að finna í **lögum um menningarminjar nr. 80/2012** sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „ætið fara fram á vettvangi“ áður en deiliskipulag er afgreitt eða áður en gefið er út leyfi til framkvæmda.³ Skráningin er gerð eftir reglum um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019 og skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands.⁴ Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið **3538**.

Fornleifaskráning er fornleifarannsókn án jarðrasks og felst í heimilda- og vettvangskonun á minjum á tilteknu svæði, lýsingu á staðhättum og ástandi og gerð minjanna, mati á aldri þeirra, hlutverki og tegund ásamt varðveislumati.

Janúar 2026
María Karen Sigurðardóttir
deildarstjóri minjavörslu og rannsókna
Borgarsögusafni Reykjavíkur

¹ Staðahverfi, Korpúlfsstaðavöllur. Staðgreinir 2.4. Deiliskipulagsbreyting. Dags. 27. október 2025.

² Borgarsögusafn Reykjavíkur. <https://borgarsogusafn.is/skyrslur>


³ Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.

⁴ Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019; Minjastofnun Íslands, *Skráningarstaðlar fornleifa*, 2013.

1. Inngangur

Landsvæðið sem núverandi borgarland Reykjavíkur nær yfir skiptist á öldum áður upp í jarðir lögbýla og eru fornleifar og yngri minjar skráðar undir jarðir eins og jarðaskipting var um 1847. Landsvæðið sem hér eru til umfjöllunar tilheyrði áður jörðinni *Korpúlfsstöðum*. Jörðin tilheyrði áður Mosfellssveit en var lögð undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur 1943 með lögum nr. 53/1943.

Skráningarsvæðið er um 0,6 ha eða 6.000 m² og er vestan við yngra bæjarstæði Korpúlfsstaða (byggt 1929) og norðaustan við gamla bæjarhól Korpúlfsstaða. Í skráningunni var því nauðsynlegt að staðsetja bæjarstæðið og allar fornleifar þar eins nákvæmlega og hægt var. Til þess var gömlum kortum og loftmyndum varpað yfir núverandi skipulag. Búið er að þurrka út nánast öll merki eftir gömlu bæjarhúsin með framkvæmdum, en líklega leynast minjar undir golfvælinum. Fyrir liggur samþykkt deiliskipulag frá 2008, þar sem fram kemur byggingarreitir b og staðsetning á þá þekktum fornleifum sem nú eru endurskoðaðar. Í núgildandi aðalskipulagi er golfvöllurinn skilgreindur sem íþróttasvæði innan þéttbýlis sem þjóna einu hverfi eða borgarhluta, skilgreint sem opin svæði (OP29), sem almennt útivistarsvæði innan þéttbýlis.



Mynd 1. Afmörkun skipulagssvæðisins er með svartri brotalínu.⁵

Á svæðinu sem hér liggur undir hafa fornleifar og yngri minjar verið skráðar að hluta til áður og birtast á Borgarvefsjá, en skráningin uppfyllir ekki skráningu skv. núgildandi lögum og reglum.

⁵ Reykjavíkurborg. Borgarvefsjá.

<https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/?x=365413.7&y=408327.7&z=6&visiblelayers=76>

2. Almennt um verndun menningarminja

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 fer ráðherra með yfirstjórn verndunar og vörslu menningarminja í landinu. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga jafnframt að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi.

Minjastofnun Íslands, sem er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd laganna. Samkvæmt 16. gr. laganna skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.⁶

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin taka einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Um friðun og friðlýsingu er fjallað í 5. gr. laganna:

Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. ... Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Friðlýsing er síðan nánar útfærð í 18. gr. laganna en samkvæmt þeim skal Minjastofnun Íslands hafa samráð við skipulagsyfirvöld þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.

Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 21. gr. laganna segir:

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, kunnar sem ókunnar, sbr. 24. gr.:

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Fornminjar eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Fornleifar eru skilgreindar svo skv. 3. gr. laganna:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

⁶ Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.



- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Eitt markmið skráningar menningarminja (fornleifa, húsa og mannvirkja) er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er hagrur þeirra sem stýra framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningarminjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaraðila og fræðigreinarinnar. Almenn er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, sbr. 28. gr.:

Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

3. Tilgangur og aðferðafræði við skráningu fornleifa, mannvirkja og yngri minja

Borgarsögusafn Reykjavíkur heldur skrár yfir menningarminjar í Reykjavík, fornleifaskrá og húsaskrá, sem eru rafrænar skrár. Fornleifaskrá Reykjavíkur var fyrst gefin út árið 1995 og þá voru um 200 minjastaðir skráðir. Stöðugt er unnið að endurskoðun hennar og nú (2025) eru um 4400 minjastaðir skráðir. Fornleifaskráning er í raun skilyrði þess að hægt sé að vinna markvisst að varðveislu fornleifa.

Allar fornleifar eru skráðar í *Sarp* – menningarsögulegan gagnagrunn. Minjar eru skráðar eftir jörðum og þeirri jarðaskiptingu fylgt sem tíðkaðist 1835–1845. Hver minjastaður fær þrískipt númer: í fyrsta lagi landsnúmer sem fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands úthlutar, í öðru lagi jarðarnúmer úr Jarðatali J. Johnsen frá 1847 og í þriðja lagi númer fornleifa,

hlaupandi tölu innan jarðar, t.d. Korpúlfsstaðir 181187-268-1. Í fornleifaskrá og á kortum eru einungis notaðar tvær síðustu tölurnar sem í þessu tilfelli væri Korpúlfsstaðir 268-1.

Fornleifaskrá þessi er unnin eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið **3538**, hér nefnt MÍ-númer.

Við skráningu fornleifa og annarra menningarminja er byrjað á að fara yfir ritheimildir og fyrri rannsóknir sem varða svæðið ásamt því að rýnt er í kort og loftmyndir sem vísað er til eftir því sem við á. Þessi skráning byggir að hluta til á eldri skráningum ásamt vettvangsrannsókn sem fólst í því að gengið var um viðkomandi svæði og minjar leitaðar uppi. Þar sem minjar eru sjáanlegar er staðháttum lýst, minjar mældar upp og ljósmyndaðar. Ef minjar finnast ekki á yfirborði eru þær skráðar sem **heimild** en á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu og geti komið í ljós við jarðrask. Þá er reynt að áætla hvaða hlutverk minjar hafa haft, yfirleitt út frá staðsetningu, og mat lagt á ástand þeirra.

Lagt var mat á hættu sem minjar á áætluðu framkvæmdasvæði eru í út frá þessari tilteknu framkvæmd. Hættumatið miðast yfirleitt við fjarlægð minja frá framkvæmdum enda eru meiri líkur á að minjar sem eru nær verði fyrir hnjaski en þær minjar sem eru fjær. Minjarnar voru flokkaðar samkvæmt skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands í þrjá hættu flokka: *Engin hætta, hætta og mikil hætta*.⁷

Við staðsetningu á minjum er gömlum kortum og loftmyndum varpað (þær strekktar) á hnitsettan grunn sem sóttur er í Landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og þar eru minjarnar hnitsettar í kerfinu ISN93 sem punktar, en ef minjarnar eru sýnilegar á yfirborði eru þær mældar upp á vettvangi.

Minjar eru flokkaðar eftir aldri. Elstu minjarnar eru fornleifar í rauðum flokki og eru þær friðaðar. Yngri minjar eru merktar með gulum og grænum lit en herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar bláum lit. Aldur er áætlaður út frá útliti og upplýsingum um sögu byggðar.

Tafla 1. Aldursflokkar.

Flokkur	Tegundir minja	Litur flokks
1	Fornleifar, minjar 100 ára og eldri	● Rauður
2	Minjar frá 1927–1937	● Gulur
3	Minjar frá 1938 og yngri	● Grænn
4	Herminjar frá 1940 og yngri	● Blár


Fornleifar innan og rétt við áætlað skipulagssvæði voru staðsettar út frá gömlum kortum. Öll kort í skýrslunni eru unnin á grunna Landupplýsingakerfis Reykjavíkurborgar (LUKR) í tölvuforritinu ArcMap.

Vettvangsrannsókn fór fram 18 desember 2025. Engar sýnilegar fornleifar eru á skipulagssvæðinu. Kort og teikningar voru unnin á grunna Landupplýsingakerfis Reykjavíkurborgar (LUKR) í tölvuforritinu ArcMap.

⁷ Minjastofnun Íslands, *Skráningarstaðlar fornleifa*, 2013, bls. 26.

4. Í landi Korpúlfsstaða

Landsvæðið sem núverandi borgarland Reykjavíkur nær yfir skiptist á öldum áður upp í jarðir lögbýla, sjá mynd 2. Allt voru þetta frekar smáar jarðir nema Gröf. Korpúlfsstaðir voru lagðir til Viðeyjarklausturs sem var stofnað árið 1226. Klaustrið hafði mikil stjórnsýsluleg völd á þeim tíma. Við siðaskiptin 1550 yfirtók Danakonungur allar eignir klaustursins. Konungur seldi síðan jarðirnar árið 1838 og komust þær þá í einkaeigu.⁸



Mynd 2. Kort sem sýnir jarðamörk lögbýla á svæðinu árið 1703 og núverandi byggð.⁹ Jörðin Korpúlfsstaðir er austan við Guðfunes og Eiði en norðan við Keldur og Lambhaga. Leiruvogur er norðan við.

Korpúlfsstaða er fyrst getið sem staðarárið 1234 í máldagaskrá um eignir Maríukirkju og staðar í Viðey frá ofanverðum dögum Þorvalds Gissurarsonar: „hon a oc land a Kortolfstoðvm. oc annat a Blackastoðum.“¹⁰ Í skrá um leigumála á jörðum Viðeyjarklausturs

⁸ Árni Óla, „Árbær og Árbæjarsafn. Ýmislegt um bæ og jörð.“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 29. september 1957, bls. 487–488.


⁹ Samsett kort úr kortagrunni Landupplýsingakerfis Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: <http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/> → Opna valglugga → Saga og þróun → Lögbýli í Rvk. 1703. Sótt 27. september 2022. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lís Guðmundsdóttir.

¹⁰ *Íslenskt fornbréfasafn*, I. bindi, bls. 507.

frá 1313 segir: „At kortolfstodvm c vorv: ok geymsla hrossa ok navta stadarins. leiga selsker. þar er ok iij vetrunga fodvr.“¹¹ Leigumálar voru árið 1395 tvö hundruð.¹²

Korpúlfsstaða er getið í Kjalnesingasögu og þar sagt frá Korpúlfi bónda.¹³ Ekki þykir sagan traust heimild, en sagan er skráð einhvern tímann á 14. öld.¹⁴

Korpúlfsstaðir verða síðan eign konungs við siðskiptin. Tvíbýlt var á jörðinni um 1700 samkvæmt jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, samkvæmt manntölum er tvíbýli á jörðinni á tímabilinu 1845 til 1910 þar bjuggu þá um 11–13 mans.¹⁵ Jörðin var seld 1810, og fer ekki miklum sögum af henni fyrr en á seinni hluta nítjándu aldar, þegar Benedikt Sveinsson eignaðist hana og síðar Einar Benediktsson. Thor Jensen eignast Korpúlfsstaði 1922 og byggði núverandi steinhús þar 1928.¹⁶ Fjósið sem hann byggði var eitt hið fullkomnasta á Norðurlöndum. Tók það 300 kúr á bása og árið 1934 var ársframleiðslan 800.000 lítrar af mjólk. Árið 1932 var tún það stærsta á landinu, tvöfalt stærri en það næststærsta. Árið 1942 keypti Reykjavíkurborg jörðina, en búskapur var stundaður þar fram undir 1970.¹⁷ Thor Jensen keypti Lambhaga árið 1925 af ríkissjóði og nýtti þann hluta hennar sem var norðan þjóðvegjar fyrir Korpúlfsstaði.¹⁸



Mynd 3. Á korti frá 1909 má sjá alla bæi, tún, mýrar og graslendi ásamt helstu vegslóðum og vagnavegum sem lágu þar um. Á kortinu eru vagnavegir merktir með tvöfaldri línu eins og Mosfells-sveitarvegur - Vesturlandsvegur en vegaslóðar með einfaldri svartri línu sem eru gömlu leiðirnar milli bæja. Þeir síðarnefndu er mun fleiri og hafa vafalaust verið notaðir öldum saman.¹⁹ Skráningar-svæðið við Korpúlfsstaði er afmarkað með rauðri brotalínu.

¹¹ Íslenzkt fornbréfasafn, II. bindi, bls. 377.

¹² Íslenzkt fornbréfasafn, III. bindi, bls. 598.

¹³ Páll Línal, Reykjavík: Sögustaður við Sund, 2. bindi, bls. 105.

¹⁴ Páll Línal, Reykjavík: Sögustaður við Sund, 2. bindi, bls. 105.

¹⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, 3. bindi, bls. 307; Þjóðskjalasafn Íslands. Manntöl: 1845, 1850, 1855, 1860, 1870, 1890, 1901 og 1910.


¹⁶ Páll Línal, Reykjavík: Sögustaður við Sund, 2. bindi, bls. 105.

¹⁷ Páll Línal, Reykjavík: Sögustaður við Sund, 2. bindi, bls. 105.

¹⁸ Páll Línal, Reykjavík: Sögustaður við Sund, 2. bindi, bls. 105.

¹⁹ Landmælingar Íslands. Kort danska herforingjaráðsins af Reykjavík 1909 (hluti).

Á korti herforingjaráðsins frá árinu 1909 má sjá tún Korpúlfsstaða og er skráningarsvæðið innan túngarðs norðan við bæina. Með fram Korpúlfsstaðaá skiptust á beitarlönd og grýttir melar en í kringum býlin voru ræktuð tún innan túngarðs.



Mynd 4. Túnakort fyrir Korpúlfsstaði árið 1916, bláar pílur benda á bæjarhúsin.²⁰

Túnakort var gert af Korpúlfsstöðum árið 1916, sjá mynd 4. Tveir bæir eru á bæjarhólnum, norðurbær og suðurbær með kálgarði á milli. Túngarður var með þjóðveginum að mestu og heimtröð úr vestri. Þá var norðurtúnið 3,2 ha og suðurtúnið 2,4 ha eða samtals 5,6 ha. Mikill meirihluti túna er þá slættaður á síðari árum, en þýfðir blettir eftir. Kálgarðar samtals 1120 m², jörðin var tvíbýlisjörð til 1913.²¹

²⁰ Þjóðskjalasafn Íslands. Túnakort: Korpúlfsstaðir 1916. Vigfús Guðmundsson teiknaði.

²¹ Þjóðskjalasafn Íslands. Túnakort: Korpúlfsstaðir 1916. Vigfús Guðmundsson teiknaði.



Mynd 5. Norðurbærinn á Korpúlfsstöðum, horft á bæjartröðina og bæjarhúsin úr norðvestri.²²



Mynd 6. Norðurbærinn á Korpúlfsstöðum horft frá austri.



Mynd 7. Norðurbærinn á Korpúlfsstöðum sér í Esjuna á bakvið.²³

Á myndum frá Korpúlfsstöðum má sjá að norðurbærinn hefur staðið upp til 1930, en engar myndir eru þekktar af suðurbænum.


²² Ljósmyndasafn Reykjavíkur. 2004 22 2-7, ljósmyndari Valgeir Pálsson.

²³ Birgir Sigurðsson, *Korpúlfsstaðir*, mynd bls. 37.



Mynd 8. Hluti af loftmynd frá 1946 sem sýnir byggingarnar norðvestan við Korpúlfsstaði.²⁴

4.1 Fornleifar á deiliskipulagssvæðinu



Mynd 9. Minjakort fyrir skipulagsreitinn við Korpúlfsstaði og nágrenni.²⁵

²⁴ Landmælingar Íslands. Náttúrufræðistofnun. Loftmyndasjá: 1946-08-30. Mynd nr. AMS40_2_010.

²⁵ Borgarsögusafn Reykjavíkur. Kort unnið á grunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR).

Korpúlfsstaðir 268-8 Túngarður

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
268-8	Korpúlfsstaðir	Túngarður	Heimild	1850-1920	36500	408396			Ómetið	Að hluta

Staðhættir: Hlaðinn túngarður afmarkaði túnið og lá gamli Korpúlfsstaðavegurinn með framgarðinum austur fyrir bæinn.²⁶

Lýsing: Lítið er eftir af túngarðinum. En gæti leynst neðanjarðar á skipulagssvæðinu.




Mynd 10. Túngarður (268-8) rauð brotalína, lá þar sem nú er framkvæmdasvæði og áætlaður byggingarreitur.

Korpúlfsstaðir 268-31 Rafstöðvarhús

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
268-31	Korpúlfsstaðir	Rafstöðvarhús	Heimild	1925-2000	365430	408384	17	6,3	Ómetið	Að hluta

Staðhættir: Húsið var eitt af útihúsum við Korpúlfsstaði sunnan við veginn að Korpúlfsstöðum. Thorsveg 1. Sést á loftmynd í LUKR til 1995 en er farið 2000–2002. Austur hluti hússins nær inn á skipulagsreitinn.

Lýsing: Horfið. En gæti leynst neðanjarðar.



Mynd 11. Horft yfir svæðið þar sem rafstöðvarhúsið stóð.



Mynd 12. Horft yfir nýja bæjarstæði Korpúlfsstaða. Rafstöðvarhúsið er neðsta húsið til hægri.²⁷

²⁶ Þjóðskjalasafn Íslands. Túnakort: Korpúlfsstaðir 1916. Vigfús Guðmundsson teiknaði.

²⁷ Ljósmyndasafn Reykjavíkur. KOR 62, myndasafn Birgis Sigurðssonar.

Korpúlfsstaðir 268-129 Skúrbygging

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
268-129	Korpúlfsstaðir	Skúrbygging	Heimild	1925-1944	365457	408431	20	6	Ómetið	Að hluta

Staðhættir: Skúrbygging, vestan við Korpúlfsstaði, hægt að sjá hús á AMS loftmynd frá 1944.

Lýsing: Horfið. En gæti leynst neðanjarðar.



Mynd 13. Horft í austur yfir svæðið þar sem skúrbygging (268-129) stóð við Korpúlfsstaði.



Mynd 14. Skúrbygging (268-129) við Korpúlfsstaði fremst á myndinni. Flestar voru þetta bráðabirgðabyggingar sem voru reistar 1924 – 1925 eða áður en byrjað var að byggja Korpúlfsstaði 1925.²⁸

5. Varðveislumat fornleifa

Í þessum kafla er farið yfir helstu niðurstöður fornleifaskráningarinnar og mat lagt á varðveislugildi fornleifa og mannvirkja sem eru 100 ára og eldri. Öllum friðuðum fornleifum 100 ára og eldri fylgir friðhelgað svæði sem er 15 m út fyrir sjáanlegar eða áætlaðar fornleifar sem geta verið í jörðu en friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgað svæði.²⁹

Tafla 2. Skráðar minjar á deiliskipulagssvæðinu, aldur og fjöldi

Flokkur	Tegundir minja	Litur flokks	Skráðar minjar
1	Fornleifar, 100 ára og eldri	● Rauður	3
2	Minjar frá 1927-1937	● Gulur	0
3	Minjar frá 1938 og yngri	● Grænn	0
4	Herminjar frá 1940 og yngri	● Blár	0
	Samtals		3


Á deiliskipulagssvæðinu eru skráðar þrjár fornleifar, sjá töflu 2 og fornleifaskrá, líklega leynast þær í jörðu á skipulagssvæðinu. Tveir minjastaðirnir eru frá þeim tíma þegar uppbygging hófst aftur á Korpúlfsstöðum eða um 1925, (268-31) og (268-129) og teljast nú til fornleifa. Túngarðurinn (268-8) er mun eldri og tilheyrir gamla bændasamfélaginu. Í nágrenni við skipulagssvæðið er gamli bæjarhóll Korpúlfsstaða. Reynt var að staðsetja minjarnar þar nákvæmlega en búið er að slétta úr bæjarstæðinu og byggja upp tvær golfbrautir þar sem „grínin“ enda á bæjarstæðinu. Engin leið er að vita ástand á minjunum þar, en líklega leynast minjarnar þar í jörðu frá upphafi byggðar á Korpúlfsstöðum, ef ástæða þykir væri hægt að meta minjarnar með jarðsjármælingum. Sett var 20 m afmörkun á verndarsvæði í stað 15 m

²⁸ Ljósmyndasafn Reykjavíkur. 2004 22 2-5, ljósmyndari Valgeir Pálsson.

²⁹ Lög um menningarminjar nr. 80/2012. 22. gr.

þar sem bæjarstæði er ekki nákvæmlega staðsett sjá mynd 12. Skipulagssvæðið er að hluta innan gamla túngarðsins (268-8) og í nágrenni við gamla bæjarhólinn (268-1 og 268-2), búast má því við óþekktum fornleifum innan skipulagssvæðisins. Búið er að setja upp skilti sem segir frá gamla bæjarstæði Korpúlfsstaða og er það til fyrirmyndar, en gæta þarf að öllu jarðraski á því svæði.

Leita þarf umsagnar Minjastofnunar Íslands fyrir öllum breytingum á fornleifum og innan friðhelgra svæða þeirra.



Mynd 15. Fornleifar á gamla bæjarstæði Korpúlfsstaða og 20 m friðhelgað svæði afmarkað með gulri línu.

6. Heimildaskrá

Óprentaðar og útgefnar heimildir og skjöl

Borgarsögusafn Reykjavíkur:

Deild minjavörslu og rannsókna (Árbæjarsafni).

Fornleifaskrá Reykjavíkur. Rafræn skrá.

Húsaskrá Reykjavíkur. Rafræn skrá og gagnasafn.

Korta- og uppdráttasafn.

Gagnasafn um fornleifar í Reykjavík:

Heimildaskráning í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands. Unnið af Gunnari Bollasyni og Birnu Gunnarsdóttur. 1999–2000.

Guðmundur Ólafsson og fl. Fornleifaskrá Reykjavíkur, 1985. Þjóðminjasafn Íslands.

Rafræn gögn:

Ljósmyndir teknar við vettvangस्कannanir. Sjá upplýsingar neðanmáls.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur:

Ljósmyndir úr safneign. Sjá upplýsingar í neðanmálsgreinum.

Prentaðar og útgefnar heimildir

Árni Óla. „Árbær og Árbæjarsafn. Ýmislegt um bæ og jörð.“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 29. september 1957.

Birgir Sigurðsson, *Korpúlfsstaðir*: Saga glæsilegasta stórbýlis á Íslandi

Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn. I-III., 1269–1415. Kaupmannahöfn: Hið Íslenska bókmenntafélag, 1896.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. 3 bindi. Reykjavík: Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn, 1982.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.

Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur nr. 52/1943. Tóku gildi 15. apríl 1943.

Páll Líndal. *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 2. bindi. Reykjavík: Örn og Örlygur, 1987.

Vefheimildir / rafræn gögn / kortasjár

Alþingi, <https://www.althingi.is/>

Lagasafn, <https://www.althingi.is/lagasafn/>

Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur nr. 69/1931.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.

Stjórnartíðindi, <https://www.stjornartidindi.is/>

Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019.

Dönsku herforingjaráðskortin, <https://islandskort.is/category/list/45>

Tímarit.is, <https://timarit.is/>

Landmælingar Íslands, <https://www.lmi.is/is>

Kortasafn, <https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/kortasafn>

Lofthmyndasafn, <https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn>

Lofthmyndasjá, <https://atlas.lmi.is/mapview/?application=loftmyndasja>

Sjá upplýsingar í neðanmálsgreinum.

Minjastofnun Íslands, <https://www.minjastofnun.is/>

Fornleifar. Skráning fornleifa, <https://www.minjastofnun.is/is/fornleifar/skraning-fornleifa>

Skráningarstaðlar fornleifa, 2013.

https://www.minjastofnun.is/static/files/Fornleifaskraning/skraningarstadlar_2013_fornleifar.pdf

Leiðbeiningar um skilaferli, 2017. Skil á fornleifaskráningargögnum:

Landupplýsingagögn: Punktaskrár, línu- og flákagögn.

https://www.minjastofnun.is/static/files/Fornleifaskraning/skilaferli-skraningargagna_leidbeiningar.pdf

Reykjavíkurborg, <https://reykjavik.is/>

Borgarsögusafn Reykjavíkur, <https://borgarsogusafn.is/>

Skýrslur, <https://borgarsogusafn.is/skyrslur>

Borgarvefsjá, <https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>

Skipulagssjá, <https://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/>

Skjalasafn Reykjavíkur, <https://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/>

Sjá upplýsingar í neðanmálsgreinum.

Sarpur. Menningarsögulegt gagnasafn, <https://sarpur.is/>

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, <https://arnastofnun.is/is>

Örnefnasafn. Nafnið.is, <https://nafnid.arnastofnun.is/>

Örnefnaskrá. Sjá upplýsingar í neðanmálsgreinum.

Ísmús, <https://ismus.is/>

Þjóðfræði, hljóðrit. Sjá upplýsingar í neðanmálsgreinum.

Þjóðskjalasafn Íslands, <https://island.is/s/thjodskjalasafn>


Túnakort,

Skjalaskrár, <https://skjalaskrar.skjalasafn.is/>

Manntöl, <https://manntal.is/>

Fylgiskjal 1. Minjatafla og minjakort

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
268-8	Korpúlfsstaðir	Túngarður	Heimild	1850-1920	36500	408396			Ómetið	Að hluta
268-31	Korpúlfsstaðir	Rafstöðvarhús	Heimild	1925-2000	365430	408384	17	6,3	Ómetið	Að hluta
268-129	Korpúlfsstaðir	Skúrbygging	Heimild	1925-1944	365457	408431	20	6	Ómetið	Að hluta



Mynd 16. Skipulagssvæði við Korpúlfsstaði.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur

- 190 Sólrún Inga Traustadóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2017*. Rvk. 2018.
- 191 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning á efnisvinnslusvæði við Álfnesvík Þerneyjarsundi*. Rvk. 2018.
- 192 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna athafnasvæðis á Hólmsheiði*. Rvk. 2018.
- 193 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Köllunarklettur Þ47. Héðinsgata, Köllunarklettsvegur, Sundagarðar, Sæbraut*. Rvk. 2018.
- 194 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Stórahnjúk Úlfarsfelli*. Rvk. 2018.
- 195 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á bæjarstæði Mógilsár*. Rvk. 2019.
- 196 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Dunhagi, Hjarðarhagi, Tómasarhagi. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 197 Sólrún Inga Traustadóttir o.fl.: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2018*. Rvk. 2019.
- 198 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Sjómannaskólareitur. Nóatún, Háteigsvegur, Vatnsholt, Skipholt. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 199 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á lóð fyrir innsiglingamerki á Gufuneshöfða*. Rvk. 2019.
- 200 Anna Lís Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Nauthólsvík og Nauthólsvíkurvegur. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 201 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á hluta jarðarinnar Jörfa á Kjálarnesi vegna deiliskipulags*. Rvk. 2019.
- 202 Sólrún Inga Traustadóttir, Almar Smári Óskarsson, Anna Soffía Ingólfsdóttir, Björn Ari Örvarsson, Ísak Freyr Valsson, Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir, Katrín Alda Ámundadóttir, Snædis Sunna Thorlacius: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Framvinduskýrsla 2019*. Rvk. 2020.
- 203 Anna Lís Guðmundsdóttir, Alma Sigurðardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Ellliðaárdalur. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2020.
- 204 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Nýi-Skerjafjörður. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2021.
- 205 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Göngustígur í Öskjuhlíð. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.
- 206 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Skúlagata – Frakkastígur 1. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.
- 207 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar frá Bæjarhálsi austur að Hólmsá. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.
- 208 Alma Sigurðardóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Veðurstofuhæð. Húsakönnun*. Rvk. 2021.
- 209 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Veðurstofuhæð. Fornleifaskrá*. Rvk. 2022.
- 210 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Laugavegur sem göngugata 2. áfangi*. Fornleifaskrá. Rvk. 2021.
- 211 Alma Sigurðardóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Ártúnshöfði. Svæði 1-4. Húsakönnun*. Rvk. 2021.
- 212 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Ártúnshöfði. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.
- 213 Sólrún Inga Traustadóttir, Ásta Rakel Viðarsdóttir, Þóra Kristín Briem, Jakob Kristján Þrastarson, Ögn Þórarinsdóttir: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2020*. Rvk. 2021.
- 214 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Holtsgata 10-12 og Brekkustígur 16. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2021.
- 215 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskrá. Vesturgata - Framkvæmdarsvæði frá Stýrimannastíg að Bræðraborgastíg og þaðan niður að Hlésgötu*. Rvk. 2021.
- 216 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir, María Gísladóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 6 – Breiðholt*. Rvk. 2021.
- 217 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Rauðhólar. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.
- 218 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Sörlaskjól. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.
- 219 Sólrún Inga Traustadóttir, Albína Hulda Pálsdóttir, Brynja Árnadóttir, Gavin Lucas, Sigþór Bjarni Geirsson, Torbjörn Brorsson: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2021*. Rvk. 2022.
- 220 Salvör Jónsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Stúdentagarðar við Eggertsgötu. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2022.
- 221 Alma Sigurðardóttir: *KR-svæðið – Frostaskjól 2-6. Húsakönnun*. Rvk. 2022.
- 222 Salvör Jónsdóttir: *Keldur og Keldnaholt. Húsakönnun*. Rvk. 2022.
- 223 Anna Lís Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir, Guðlaug Erna Jónsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Rvk. 2023.
- 224 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskrá. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Rvk. 2023.
- 225 Sólrún Inga Traustadóttir, Daniel Freyr Ívarsson, Guðrún M. Eyfjörð Skarphéðinsdóttir, Ingvar Örn Magnússon, Jóhanna Teuffer, Margrét Rós Svansdóttir: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2022*. Rvk. 2023.
- 226 Guðlaug Erna Jónsdóttir og Salvör Jónsdóttir: *Bensínstöðvar á uppbyggjngarlóðum. Húsakönnun*. Rvk. 2023.
- 227 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Leirtjörn vestur. Fornleifaskrá*. Rvk. 2023.
- 228 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning fyrir skotsvæði á norðanverðu Álfnesi*. Rvk. 2023.
- 229 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Klökk – Skúlagata. Fornleifaskrá*. Rvk. 2023.
- 230 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna Borgarlínu – Lotu 1. Ártúnshöfði – Fossvogur*. Rvk. 2023.
- 231 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Þjóðarhöll. Fornleifaskrá*. Rvk. 2024.
- 232 Steinunn Guðmundsdóttir: *Laugardalur – Þjóðarhöll. Húsakönnun*. Rvk. 2024.
- 233 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Gufunes – Samgöngutengingar. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.
- 234 Sólrún Inga Traustadóttir, Erla Arnadóttir, Eva Bryndís Ágústsdóttir, Heiðar Berg Hjartarson, Lovísa A. Jónsdóttir, Margrét Helgadóttir, Rósa Stefánsdóttir: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2023*. Rvk. 2024.
- 235 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Reykjanesbraut – Bústaðavegur. Fornleifaskrá*. Rvk. 2024.
- 236 Anna Lís Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Hólmsheiði – Athafnasvæði áfangi 2. Fornleifaskráning og húsakönnun vegna deiliskipulags*. Rvk. 2024.
- 237 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning á landsvæðum innan jarðanna Keldna, Grafar, Korpúlfsstaða og Lambhaga*. Rvk. 2024.
- 238 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum Sundabrautar*. Rvk. 2025.
- 239 Sólrún Inga Traustadóttir o.fl.: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2024*. Rvk. 2025.
- 240 Drífa Kristín Þrastardóttir: *Ellliðavatnsbletti. Húsakönnun*. Rvk. 2025.

